

Yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi

tilkynnir:

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 27. apríl 2013 rennur út hinn 12. apríl 2013, kl. 12:00 á hádegi.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis tekur á móti framboðslistum föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 10:00-12:00 á skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 4 á Selfossi.

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Þá skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Suðurkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera að lágmarki 300 en 400 að hámarki. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili.

Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans í kjördæminu.

Yfirkjörstjórn mælist til þess að öllum listum verði einnig skilað á rafrænu formi, ef þess er nokkur kostur.

Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn verður á sama stað, laugardaginn 13. apríl 2013 kl. 12:00.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu, er þess farið á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði sendir með rafrænum hætti á exelskjali til oddvita yfirkjörstjórnar um leið og unnt er í netfangið: gauti@syslumenn.is sími 898 1067.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013 verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis í Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi og þar fer fram talning atkvæða.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis
22. mars 2013

Karl Gauti Hjaltason
Grímur Hergeirsson Unnar Þór Böðvarsson
Þórir Haraldsson Sigurður Ingi Andrésson